

**1. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðavegi 6,
13. júní 2018 og hófst hann kl. 09:15**

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson aðalmaður, Elísabet Sigurðardóttir aðalmaður, Sigurður Böðvarsson aðalmaður, Halldór Þorlákur Sigurðsson aðalmaður, Dagbjört Bjarnadóttir aðalmaður og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri

Dagskrá:

Dagbjört Bjarnadóttir H lista hefur lengstan starfsaldur kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa og stýrir hún fundi fram að kjöri oddvita sveitarstjórnar.

1. Skútustaðahreppur: Úrslit sveitarstjórnarkosninga 2018 - 1806002

Fundargerð kjörstjórnar vegna sveitarstjórnarkosninga þann 31. maí síðastliðinn lögð fram. Á kjörskrá var 321 einstaklingur, atkvæði greiddu 271, auðir sedlar voru 7 og ógild atkvæði voru 2, kjörsókn var 84,16%.

Niðurstöður kosninganna voru eftirfarandi:

H-listinn, 203 atkvæði og 4 fulltrúa.

N-listinn, 59 atkvæði og 1 fulltrúa.

Kjörbréf hafa verið gefin út til kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa og varasveitarstjórnarfulltrúa.

Dagbjört óskar nýkjörmum sveitarstjórnarfulltrúum til hamingju með kjörið og óskar eftir góðu samstarfi á kjörtímabilinu.

2. Kjör oddvita og varaoddvita – 1806003

Dagbjört leggur til að Helgi Héðinsson verði kjörinn oddviti sveitarstjórnar.

Samþykkt með 4 atkvæðum, Halldór situr hjá.

Nýkjörinn oddviti tekur við stjórn fundarins.

Oddviti leggur til að Sigurður Guðni Böðvarsson verði kjörinn varaoddviti sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

3. Laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefnda – 1806004

Oddviti leggur til að laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarlaun á kjörtímabilinu verði óbreytt og í samræmi við fjárhagsáætlun.

Samþykkt samhljóða.

4. Ráðning sveitarstjóra – 1806005

Oddviti leggur til að Þorsteinn Gunnarsson verði endurráðinn sveitarstjóri

Skútustaðahrepps.

Samþykkt samhljóða að ganga til samningaviðræðna við Þorstein.

5. Sveitarstjórn: Siðareglur - 1806006

Samkvæmt 10. gr. siðareglna kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn Skútustaðahrepps sem samþykktar voru þann 24. september 2014, skulu siðareglurnar teknar til umræðu í sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf krefur.

Oddviti fór yfir siðareglur Skútustaðahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða siðareglurnar óbreyttar. Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi í störfum sínum sem sveitarstjórnarfulltrúar.

Siðareglur Skútustaðahrepps má finna á heimasíðu Skútustaðahrepps:

A.A.

[http://myv.is/files/siÃ°areglur kjaranna fulltrÃ°a Ã sveitarstjÃ³rn nÃ°v 2014_1279280604.pdf](http://myv.is/files/siÃ°areglur%20kjaranna%20fulltrÃ°a%20Ã%20sveitarstjÃ³rn%20nÃ°v%202014_1279280604.pdf)

6. Endurskoðun aðalskipulags - 1806007

Samkvæmt 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins í upphafi nýs kjörtímabils. Gildistími núverandi aðalskipulags Skútustaðahrepps er frá 2011-2023 en það var samþykkt í sveitarstjórn 21. febrúar 2013 en vinna hófst 2008.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulags og felur sveitarstjóra að tilkynna það til Skipulagsstofnunar. Skipulagsnefnd er jafnframt falið að halda utan um vinnu við nýtt aðalskipulag Skútustaðahrepps.

7. Landbúnaðar- og girðinganefnd: Fundargerðir - 1612009

Fundargerð 13. fundar landbúnaðar- og girðinganefndar dags. 31. maí 2018 lögð fram. Fundargerðin er í 4 liðum.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina samhljóða.

8. Félags- og menningarmálanefnd: Fundargerðir - 1701001

Fundargerð 19. fundar félags- og menningarmálanefndar dags. 31. maí 2018 lögð fram. Fundargerðin er í 2 liðum.

Liður 1: Styrkveitingar - Umsóknir um styrki til lista- og menningarstarfs - Fyrri úthlutun 2018

Fjórar umsóknir bárust og ein þeirra var ekki metin styrkhæf. Nefndin leggur til að styrkjum verði úthlutað sem hér segir:

Mývetningur, Gjallandi og Foreldrafélag skólanna í Mývatnssveit - Endurlífgun leiklistarstarfs í Skjólbrekku 150.000 kr.

Jólasveinamir í Dimmuborgum - Sumarsýningar - styrkur til að bæta aðstöðu og öryggi við hellinn í Dimmuborgum 50.000 kr.

Stefán Jakobsson - styrkur til kynningar og eftirfylgni plötuútgáfu 150.000 kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur nefndarinnar.

Liður 2: Önnur mál

Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar þar sem því er fagnað hversu mikil gróska er í menningarlífi sveitarinnar og að skoðað verði í haust við gerð fjárhagsáætlunar að leggja aukið fé í sjóðinn.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

9. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerðir - 1611015

Fundargerð 860. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 18. maí 2018 lögð fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30

Helgi Ástius

Elísabet Sigurdard.

Sigurður Björnsson

Dagbjört Skjannar.

Haraldur Sigurðsson

Yngvi Gunnarsson

SIÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Skútustaðahrepps. Reglurnar ná til sveitarstjórnarfulltrúa og annarra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa.

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar fylgja lögum, reglum og samþykktum Skútustaðahrepps, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber fyrst og fremst að starfa í þágu íbúanna og ber því að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga, eða einstakra hópa. Þeim ber að hafa í heiðri ítrustu kröfur um ráðvæðni, heiðarleika og réttlæti í störfum sínum í þágu sveitarfélagsins. Kjörnir fulltrúar hafa ávallt að leiðarljósi grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Skútustaðahrepps.

3. gr.

Valdmörk.

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins virðingu.

4. gr.

Hagsmunaárekstrar.

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir sveitarfélagið lýkur. Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

5. gr.

Ábyrgð á fjármálum.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

6. gr.

Gjafir og friðindi

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að þiggja greiðslur, gjafir eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiða.

7. gr.
Trúnaður.

Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnað um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og ber að gæta trúnaðar um. Þagnarskyldan helst þó látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Skútustaðahrepps, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

8. gr.
Að virða hlutverk starfsmanna.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna sveitarfélagsins. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum þeim eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

9. gr.
Stöðuveitingar.

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfi til að rækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

10. gr.
Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings.
Siðareglur þessar skulu teknar til umræðu í sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf krefur.
Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Skútustaðahrepps og annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður, til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þann 24. september 2014.

13.6.2018 - Tekið fyrir á sveitarstjórnarfundum.

Helgi H. Jónsson

Sigurður

Guðrún S. S.

Þagga Þ. Jónsdóttir

Elisabet Sigurðardóttir



4.11.2014